

## Breytingartillaga

### við frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Frá meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar (OPJ, BjarnJ,  
HSK, ÍÓI, NTF, VilÁ, ÞorbG, ÞSv).

- Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra skal setja reglugerð um aðliggjandi gámaumfermingarhafnir. Reglugerðin skal vera í samræmi við skrá sem framkvæmdastjórn ESB birtir annað hvert ár yfir aðliggjandi gámaumfermingarhafnir.
- Við 5. gr.
  - Í stað orðanna „á umsjónarríki“ í 1. mgr. komi: eftir umsjónarríkjum.
  - Í stað orðsins „stjórnryfirvalda“ í 2. mgr. komi: stjórnvalda.
- Á undan orðunum „um skyldu skipafélaga“ í 4. mgr. 11. gr. komi: tilgreint.
- Í stað orðanna „handhöfn, auk millifærslu“ í 18. gr. komi: handhöfn og millifærslu.
- Orðin „sbr. ákvæði til bráðabirgða III“ í 15. tölul. 1. mgr. 26. gr. falli brott.
- Í stað orðanna „flugrakenda, skipafélags“ í 3. tölul. 1. mgr. 28. gr. komi: flugrekenda, skipafélaga.
- Orðin „sbr. 2. mgr. sömu greinar“ í 3. mgr. 30. gr. falli brott.
- Í stað orðanna „skv. 1. mgr. 31. gr.“ í 31. gr. komi: skv. 1. mgr. 30. gr.
- Við 32. gr.
  - Lokamálsliður 2. mgr. verði: Rekstraraðili flugvallar skal fylgja ákvæðum laga um loftferðir í kjölfar beiðni frá Umhverfisstofnun um að aftra för loftfars.
  - Í stað orðanna „framkvæmdastjórn Evrópusambandsins“ í 1. másl. 3. mgr. komi: eftirlitsstofnun EFTA.
- Við 33. gr.
  - Við 12. tölul. bætist: eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023.
  - Við 13. tölul. bætist: eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023.
  - Við 14. tölul. bætist: eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 335/2023 frá 8. desember 2023.
  - Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Með lögum þessum er ríkisstjórninni heimilað að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 334/2023 frá 8. desember 2023 og nr. 335/2023 frá 8. desember 2023.
- Við ákvæði til bráðabirgða II.
  - Í stað orðanna „skil flugrekenda“ í 1. másl. 4. mgr. komi: skil flugrekenda.
  - Í stað orðanna „ráðstöfunum að markmiðum“ í 5. mgr. komi: ráðstöfunum til að uppfylla markmið.

- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Ráðherra setur reglugerð um úthlutun endurgjaldslausra losunarheimilda til flugrekenda.
12. Við ákvæði til bráðabirgða VI.
- Í stað orðanna „er með“ í b-lið 2. mgr. komi: hefur.
  - Í stað orðanna „þessa viðauka“ í a-lið 4. mgr. komi: þessa ákvæðis.
13. Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:  
Ráðherra skal fyrir árslok áráanna 2024 og 2025 gefa Alþingi skýrslu um efnahagsleg áhrif viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir á Ísland. Þar skulu koma fram upplýsingar um viðræður við Evrópusambandið vegna aðlögunar gagnvart öllum breytingum á regluverki ESB með losunarheimildir og með hvaða hætti best verður tekið tillit til sérstöðu Íslands m.a. vegna landfræðilegrar legu auk annarra þátta sem kunna að varða hagsmuni Íslands þegar aðlögun í flugi samkvæmt ákvæðum laganna lýkur.
14. Við I. viðauka.
- Í stað orðanna „þessa tilskipun“ í 1. tölul. komi: lög þessi.
  - Í stað orðanna „eða Breska konungsríkisins“ í 29. röð í töflu komi: Bretlands.
  - Í stað orðanna „tók flugið“ í e-lið 4. mgr. í 29. röð í töflu komi: hóf sig til flugs.